



Fundargerð

459. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í fjarfundi þann 11. febrúar 2021 kl. 15:00. Þetta er 3. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 4 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=I1ej6q3haZ4>

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll. Í hennar stað er mætt fyrsti varamaður Z lista: Jóna Björk Jónsdóttir.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

3. febrúar 93. fundur svæðisráðs Vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

5. febrúar Fundur í sameiningarnefnd sveitarfélagsins Suðurlands

8. febrúar vinnufundur sveitarstjórnar

9. febrúar stöðufundur með KPMG vegna endurskoðunar ársins 2020

9. febrúar Íbúafundur

Skrifstofa Skaftárhrepps opnar á efri hæðinni á Klausturvegi 4 mánudaginn 15. febrúar nk. Aðkoma er frá bílastæðum grunnskólans og er gengið inn vinstra megin þar sem áður var inngangur í íbúðir. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er frá bílastæðum við íþróttamiðstöð og eru þeir sem þurfa að nýta þann inngang beðnir um að hafa samband við skrifstofuna varðandi móttöku og aðstoð.

I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 163. fundar skipulagsnefndar dags. 09.02.2021.

2. 2102003 – Kirkjubær II – ósk um stofnun lóðar úr Landnámeri 163396.

Benedikt Lárusson fh. Lárusar Sigeirssonar kt. 250636-4669 óskar eftir heimild að stofna lóðina Fornugarðar úr Kirkjubæ II, L163396 skv. meðfylgjandi gögnum.
„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. 2102004 – Framrás ehf. – Umsókn um námuleyfi.

Framrás ehf kt. 591289-0559, óskar eftir leyfi til að taka allt að 3.500m³ af mól úr Skaftá í landi Kirkjubæjarklausturs og Nýjabæjar vegna gatnagerðar við Læknisbústað skv. meðfylgjandi gögnum.
„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Fiskistofu.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Arndís Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og víkur af fundi.



5. 2102006 - Efri-Ey – Staðfesting hnitasettra landamerkja.

Ríkiseignir f.h. landeiganda, Ríkisjóðs Íslands, óska eftir samþykki Skaftárhrepps og áritun skipulags- og byggingarfulltrúa á hnitasettum uppdrætti skv. meðfylgjandi gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Arndís Harðardóttir kemur aftur til fundarins.

6. 2102007 - Seglbúðir – ósk um stofnun lóðar úr Landnúmeri 163433

Erlendur Björnsson kt. 270856-7649 óskar eftir heimild til að stofna lóð í kringum íbúðarhúsið úr Landnúmeri 163433 skv. meðfylgjandi gögnum.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. Fundargerð 37. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 10.02.2021

1. 2012010 Plokkdagurinn 24. apríl

Auglýsa þarf plokkdaginn. Óskum við eftir því að Sveitarfélagið skaffi glæra ruslapoka og keyri um og ná í rusl þar sem gott er að safna því saman. Athuga þarf hvort ungmennafélögin séu til í að taka þátt í átakinu og jafnvel grunnskólinn. Gaman væri að fá styrk til að verðlauna þá sem taka þátt – t.d. með kók og prins eða grillveislu ef covid leyfir.

Sveitarstjórn fagnar átakinu og felur sveitarstjóra að koma því í farveg.

3. 2101007 Strandverðir Íslands.

Nefndin hefur fengið erindi frá Strandvörðum Íslands sem vilja hreinsa fjörur sveitarfélagsins og óska eftir samstarfi við Skaftárhrepp.

Nefndin tekur vel í verkefnið og hvetur sveitarfélagið til að hafa samband við bréfitara með áframhaldandi samtal.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að afla nánari upplýsinga um verkefnið.

4. 2106016 Núpsvötn.

Nefndin telur verkefni þarft og gott og hefur engar athugasemdir við framkvæmdina.

Sveitarstjóra falið að senda umsögn nefndarinnar til Vegagerðar.

5. 1906007 Sorpmál.

Enn vantar sómasamlegan nytjagám – það er í vinnslu.

Merkingar eru að mestu komnar upp – það sem eftir er, er í ferli.

Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum um stöðuna í sorpmálum og upplýsingum frá sveitarstjórn um hvernig aðkoma nefndarinnar á að vera að þessum málum.

Umfjöllun um úrgangsmál koma til með að falla undir nefndina. Starfshópur var settur á fót 2019 með það að markmiði að koma með tillögur að fyrirkomulagi sorphirðu- og sorpeyðingar í sveitarfélaginu. Tilraunaverkefni í úrgangsmálum er langt á veg komið og mun starfshópurinn skila tillögum til nefndarinnar á næstu



vikum. Oddviti mun í samstarfi við formann umhverfis- og náttúruverndarnefndar skipa nefndarmann til liðs við starfshópinn.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

- 1. 2102008 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum. Umsókn um nýtt rekstrarleyfi að Hrífunesi, fnr.218-9577. Sýslumaðurinn á Suðurlandi dags. 29.janúar 2021.**

EBH, KG, JBJ og AH gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum.

- 2. 2102009 Aðgerðaráætlun um eflingu lýðfræðilegrar þróunar. Sérþækt verkefni sóknaráætlunarsvæða. Kötlusetur. Dags. 08.02.2021.**

Kötlusetur í Vík vinnur nú í samstarfi við SASS að áherslu verkefni í tengslum við eflingu lýðfræðilegrar þróunar á miðsvæði Suðurlands. Verkefnið snertir fjögur sveitarfélög: Rangárþing eystra, Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp og Sveitarfélagið Hornafjörð, með áherslu á landsvæðið milli Markarfljóts í vestri og Hólmsár í austri. Markmið verkefnisins er að kanna viðhorf íbúa til áframhaldandi búsetu og fjölskyldumyndun á svæðinu. Niðurstöður munu nýtast sveitarfélögunum við áætlanagerð og ákvarðanatöku um þjónustu við íbúa m.a. Óskað er eftir að hvert sveitarfélag tilnefni einn tengilið á sínu svæði sem mun leggja verkefninu lið og aðstoða við að ná til erlendra íbúa á sínu svæði og upplýsa sitt sveitarfélag um framgang verkefnisins.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar erindinu og tilnefnir Sergiusz Broniec sem tengilið Skaftárhrepps við verkefnið.

- 3. 2101008 Nefndir, ráð og stjórnir.**

Oddviti leggur fram eftirfarandi tillögu; Þorsteinn M Kristinnson verði formaður íþróttá- og tómsundanevndar og Fanndísi Ósk Pálsdóttur sem aðalmann í íþróttá- og tómsundanevnd. EBH, JBJ, AH og BG samþykkja tillöguna. KG situr hjá við afgreiðsluna.

- 4. 2101009 Mötuneyti Skaftárhrepps**

Umsóknarfrestur um störf við mötuneyti Skaftárhrepps rann út þann 1. febrúar sl. Ein umsókn kom um almennt starf í mötuneyti en auglýst var eftir starfsfólki í 4,8 stöðugildi. Samhliða auglýsingunni var send út verðkönnun varðandi tilboð í rekstur mötuneytis Skaftárhrepps og rann tilboðsfrestur út þann 3. febrúar sl. Eitt tilboð barst frá Bæ hf./Hótel Klaustri. Tilboðið hefur verið dregið til baka og verður því ekki til umfjöllunar. Sveitarstjóra falið að endurskoða verðkönnunargögn og senda út með nýjum forsendum ásamt því að auglýsa störf mötuneytis að nýju.

III. Fundargerðir til kynningar

- 1.** 24. Stjórnarfundur Bergrisans dags. 14.12.2020. *Fundargerð kynnt.*
- 2.** 25. Stjórnarfundur Bergrisans dags. 26.01.2021. *Fundargerð kynnt.*
- 3.** 101. Fundargerð menningarmálanefndar Skaftárhrepps dags. 02.02.2021. *Fundargerð kynnt.*
- 4.** 84. Fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu dags. 28.01.2021. *Fundargerð kynnt.*



5. 894. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 29.01.2021.
Fundargerð kynnt.
6. Fundargerð fræðslunefndar nr. 174. Dags. 01.02.2021. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Stöðuskýrsla nr. 9 til ráðgefandi aðila. Félagsmálaráðuneytið dags. 22.12.2020. *Kynnt.*
2. Stöðuskýrsla nr. 10 til ráðgefandi aðila. Félagsmálaráðuneytið dags. 28.01.2021.
Kynnt.
3. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga. Lánasjóður sveitarfélaga, dags, 08.10.2021. *Kynnt*
4. Rannsókn á samsetningu úrgangs í Skaftárhreppi janúar og desember 2020. Resource International. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt í tölvupósti til sveitarstjóra

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 11. mars 2021

Fundi slitið kl. 15:56

Eva Björk Harðardóttir

Katrín Gunnarsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Arndís Harðardóttir

Bjarki Guðnason